

Óskum eftir hugmyndaríku fólki sem vill efla HRFÍ

Haldinn verður stefnumótunardagur fyrir félagsmenn HRFÍ laugardaginn 2. apríl 2011, þar sem áhugasömum gefst kostur á að koma á framfæri hugmyndum sem nýtast í starfsemi félagsins.

Stefnumótunardagurinn verður í veitingasal reiðhallarinnar í Víðidal frá kl. 10 til kl. 16 og verður boðið upp á súpu og brauð í hádeginu, ásamt kaffi og meðlæti yfir daginn.

Unnið verður í 6 – 8 manna hópum og velur hver hópur sér liðsstjóra, sem skráir niðurstöður hópsins og kynnir síðan fyrir öðrum þátttakendum.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn HRFÍ verður unnin skýrsla úr niðurstöðunum sem kynnt verður á næsta fulltrúaráðsfundi.

Þrír fulltrúar geta farið frá hverri deild.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari hugmyndavinnu fyrir hönd Smáhundadeildar, eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið smahundadeild@gmail.com

Þeir sem vilja koma hugmyndum eða ábendingum á framfæri geta t.d. sent tengiliði sínum tölvupóst sem hann/hún áframsendir til stjórnar Smáhundadeildar fyrir 30. mars næstkomandi. Munu fulltrúar deildarinnar sjá til þess að þeim sjónarmiðum verði komið á framfæri.

Kær kveðja,

Stjórn Smáhundadeildar HRFÍ.